

Nr. 039 / 15 Edda NS 113**Missir skrúfublað og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 6837 IMO nr. 0
Smíðaður: Hafnarfirði 1986 plast
Stærð: 6,64 brl. 6,34 bt.
Mesta lengd: 8,96 m Skráð lengd: 8,90 m
Breidd: 2,58 m Dýpt: 1,53 m
Vél: Volvo Penta 119 kW 2000
Fjöldi skipverja: 2



Edda ©Skip.is

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 18. september 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 16. apríl 2015 var Edda NS 113 á siglingu á Vopnafirði. Veður: SV gola.

Á siglingunni urðu skipverjar varir við mikinn titring frá drifinu á skutgafli bátsins og var þegar kúplað frá skrúfu. Sökum mikils titrings og hættu á frekari skemmdum óskaði skipstjórinn eftir aðstoð og fékk Sæljón NS 19 til að draga bátinn til Vopnafjarðar.

Við skoðun kom í ljós að skrúfublað á annarri skrúfunni hafði brotnað af.

Við rannsókn kom fram:

- að báturinn var með Duoprop hældrif og skrúfan hafði lent í rekaldi sem maraði í kafi en ekki var vitað hvað það var.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.